

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 79/1971, um menntamálaráðuneytið, verkefni, skipulag og starfsreglur.

Með skírskotun til 7. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, er auglýsingu nr. 79/1971, með áorðnum breytingum, breytt á þann veg að á eftir Verk- og tæknimenntunardeild komi:

Íþrótta- og æskulýðsmáladeild.

Verkefni: Íþróttamál, þ. á m. skólaíþróttir, Íþróttakennaraskóli Íslands, íþrótta- sjóður, Æskulýðsráð ríkisins, samskipti við Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, félagsstarfsemi á sviði íþrótta- og æskulýðsmála, þ. á m. í skólum.

Verkefni annarra deilda ráðuneytisins breytist í samræmi við þetta.

Breyting þessi öðlast gildi 1. maí 1978.

Menntamálaráðuneytið, 30. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

26. apríl 1978.

Nr. 183.

ERINDISBRÉF

fyrir dýralækni án fastrar búsetu (sbr. lög um dýralækna nr. 31/1970).

1. gr.

Landbúnaðarráðherra ræður dýralækni án fastrar búsetu (faranddýralækni) til ákveðins tíma í senn, að fengnu álitu yfirdýralæknis. Faranddýralæknir skal undirrita eiðstaf um að hann vilji rækja dýralæknisstörf sín og skyldur með alúð og kostgæfni.

2. gr.

Dýralæknir án fastrar búsetu (faranddýralæknir) hefur skyldur og nýtur réttinda sem opinberir starfsmenn. Um föst laun hans fer eftir ákvörðun kjarasamnings ríkisstarfsmanna (D. I.).

3. gr.

Yfirdýralæknir segir fyrir um störf faranddýralæknis að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Að jafnaði skal beina störfum hans til þeirra héraða þar sem þörfin er talin brýnust hverju sinni. Starfstími hans skal markaður hverju sinni.

4. gr.

Þegar faranddýralæknir gegnir dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða vegna orlofs hans, skal hann hafa skyldur og njóta réttinda sem héraðsdýralæknir, samanber lög um dýralækna 31/1970 og erindisbréf héraðsdýralækna 21. september 1971. Skal hann hafa afnot af talsíma héraðsdýralæknis og starfsaðstöðu sé hún fyrir hendi. Um dvalarkostnað og verkefnaval (eftirlitsstörf, lyfjasölu o. þ. h.) fer samkvæmt samkomulagi dýralæknanna hverju sinni. Sama gegnir þegar faranddýralæknir gegnir störfum skv. 5. gr.